



Borgarráð

### ***Bústaðavegur 151 B - úthlutun lóðar og sala byggingarréttar***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Rafkaup hf., kt, 671290-1519, Ármúla 24, 108 Reykjavík, um 3.164 m<sup>2</sup> atvinnulóð við Bústaðaveg 151 B og selja byggingarrétt að 3.815 m<sup>2</sup> ofanjarðar fyrir 106.820.000 kr. Verð lóðarinnar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk þann 10. apríl 2019 en tilboð félagsins reyndist hæsta gilda tilboð. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 86.385.585 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013. Lóðarhafa er óheimilt að framselja rétt sinn nema með heimild borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengigjöld fráveitu og önnur heimlagnagjöld eru innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin verður byggingarhæf í lok árs 2020. Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðunum Bústaðavegur 151 B og Bústaðavegur 151 C, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar\\_almennir\\_loda-og\\_framkvaemdaskilmalar\\_02072015-1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda-og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf), og deiliskipulag fyrir Bústaðaveg 151-153, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. nóvember 2017, með breytingu sem auglýst var þann 1. mars 2019. Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Óli Jón Hertervig








Hjálagt:  
Bústaðavegur 151 B - samanburðarskrá tilboða

Árið 2019 miðvikudaginn 10. apríl kl. 14:15 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar "Bústaðavegur 151B- Lóð fyrir atvinnustarfsemi". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.  
Fundir stjórnáði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn tilboði:

1	Smart	kr.	222.650.000
2	Modis ehf.	kr.	273.282.000
3	Jinga ehf.	kr.	309.968.750
4	Rafkaup hf.	kr.	106.820.000

Fleiri tilboð bárust ekki.  
Fundir slitið kl. 14:27

 G. Eggertsdóttir  
 Unnur Óskarsdóttir  
 A. A.  
 Guðbjörg Eggertsdóttir  
 Unnur Óskarsdóttir  
 Guðbjörg Eggertsdóttir  
Lilja Einarsdóttir  


Unnur Óskarsdóttir  
E. A. Gunnarsson  
